



María Sigurðardóttir  
Klængsbúð 15  
815 Þorlákshöfn

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjörður, 18. janúar 2022  
2021120081

**Efni : Hafnarstræti 29, Flateyri. Grenndarkynning vegna nemendagarða.**

Á 572. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 22.12.2021 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 50 þann 17. desember sl., var tekin fyrir umsókn Nemendagarða Lýðskólans, um byggingarleyfi nemendagarða við Hafnarstræti 29, Flateyri. Vegna frávika við gildandi deiliskipulag er umsókn vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar þar sem byggingarmagn er umfram hámarks nýtingarhlutfall lóðar og nær út fyrir byggingarreit.

Bókun skipulags- og mannvirkjanefndar:

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að grenndarkynna áform skv. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir húseigendum að Grundarstíg 18, Grundarstíg 22, Grundarstíg 26, Hafnarstræti 27A og Ránargötu 1.*

Meðfylgjandi er afrit af smækkuðum aðaluppdráttum af fyrirhugaðri framkvæmd.

Hér með er gefinn fjögurra vikna frestur til að gera athugasemdir við framkvæmdina frá dagsetningu þessa bréfs eða **til og með 15. febrúar 2022**.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda á eftirfarandi:

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar,  
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1,  
400 Ísafjörður

Eða með tölvupósti á [skipulag@isafjordur.is](mailto:skipulag@isafjordur.is)

þar sem hægt er að fá nánari upplýsingar.

Komi engin athugasemd fyrir tilskilinn frest er litið á að erindið sé samþykkt að þinni hálfu.

Virðingarfyllst,

---

Axel R. Överby  
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs